

Nd.

347. Breytingartillögur

[138. mál]

við frv. til læknaþingarlaga.

Frá Sigurvin Einarssyni.

1. Við 7. tölul. 1. gr.
Orðin „og Flateyjarhreppur“ falli niður.
2. Við 9. tölul. 1. gr.
 - a. Orðin „og Múlahreppur“ falli niður.
 - b. Á eftir tölul. komi nýr tölul., svo hljóðandi:
Flateyjarhérað: Flateyjarhreppur og Múlahreppur. Læknissetur í Flatey.
3. Við 13. tölulíð 1. gr.
 - a. Orðin „og Suðureyrarhreppur“ falli niður.
 - b. Á eftir tölul. komi nýr tölul., svo hljóðandi:
Suðureyrarhérað: Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Suðureyri
4. Við 17. tölulíð 1. gr.
 - a. Orðin „og Árneshreppur“ falli niður.
 - b. Á eftir tölul. komi nýr tölul., svo hljóðandi:
Djúpavíkurhérað: Árneshreppur. Læknissetur á Djúpavík.
5. Á eftir 2. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
Nú verður læknishérað læknislaust um sinn, og hafa þá íbúar þess rétt til að vitja annars hvors þeirra tveggja héraðslækna, sem næstir eru og auðveldast er að ná til, eftir nánari fyrirætlunum landlæknis. Þegar svo stendur á, greiðir ríkissjóður kostnað af lækisvitjun og sjúkraflutningi, að því leyti sem hann er ekki greiddur úr lækisvitjanasjóði.
6. Við ákvæði til bráðabirgða. Orðið „Suðureyrarhérað“ falli niður.